



**Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði**

**Fundargerð vegna fundar 8. júní 2011**

## Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 8. júní 2011

Þriðji fundur starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði fór fram miðvikudaginn 8. júní 2011, kl. 15.00 – 18.30. Eftirtaldir aðilar starfshópsins voru viðstaddir fundinn:

### ÞÁTTTAKANDI

Elín Björg Ragnarsdóttir  
Guðrún Inga Bjarnadóttir  
Gunnar Valur Sveinsson  
Ragnhildur Sigurðardóttir  
Elín Erlingsdóttir  
Kári Kristjánsson

### SAMTÖK

Vélknúin umferð  
Samút  
Fulltrúi ferðaþjónustunnar  
Hestamenn  
Umhverfissamtök  
VJP

Þau Trausti Baldursson, tengiliður við Náttúrufræðistofnun, Eydís Indriðadóttir frá Ásahreppi og Þórður Höskuldsson, fyrir göngu og hjólreiðamenn, voru fjarverandi.

Viðfangsefni fundarins var fyrst og fremst yfirferð samantektar niðurstaðna frá samráðsfundi 3. maí 2011, þriðja lið; „Rýnt í samgöngukerfið – hvað má helst endurskoða?“. Þar var um að ræða vinnu sjö verkefnahópa sem skiluðu tillögum um þætti til endurskoðunar. Talsverð skörun var á tillögum hópanna sjö, enda eðlilegt þar sem allir hópar fengu frjálsar hendur með endurskoðun samgöngumála í Þjóðgarðinum. Starfshópurinn hafði undirbúið vinnufundinn í dag með því að vinna greiningu á tillögnum, flokka þær og greina eftir svæðum í Þjóðgarðinum. Tilvísun á fundargerðina er birt hér að neðan. Á fundinum greindi starfshópurinn með aðstoð korta þau viðkomandi svæði og þær samgönguleiðir sem um ræðir. Markmið með þessu var að fá yfirsýn og skilning á þeim tillögum sem hagsmunaaðilar settu fram.

Samráðsfundur um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði, 3. maí 2011, fundargerð:

<http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/media/verndaraaetlun/Samradsfundur-um-samgongur---fundargerd-20110520.pdf>

Starfshópurinn náði yfirferð yfir flestar leiðir, samanber ábendingar frá Nauthólsfundinum sem eru leiðarljós vinnunnar, en ekki allar. Ekki vannst tími til að fara yfir hina almennu þætti sem er að finna í seinni hluta tillagnanna.

Eins og ljóst var orðið á seinasta fundi starfshópsins er yfirgrip verkefnisins meira en svo að því verði lokið á þremur fundum. Mun starfshópurinn óska eftir því við stjórn Vatnajökulspjóðgarðs að fá að halda áfram starfi sínu eftir sumarleyfi. Hafa allir aðilar starfshópsins lýst yfir vilja til þess að taka þátt í starfi hópsins áfram. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að vandað sé til verksins og að væntanlegar tillögur hópsins byggji á rökum sem hvíli á gögnum og greiningum. Mikilvægt er sömuleiðis að þátttakendur í starfshópnum, sem koma frá ólíkum samtökum og stofnunum, gefist tóm til að finna lausnir sem samhugur ríkir um.

Þessa dagana er verið að ljúka við gerð uppfærslu korta af Þjóðgarðinum, eins og þær eru samkvæmt Stjórnunar- og verndaráætlun og mun starfshópurinn geta nýtt sér þá afurð í áframhaldandi vinnu. Jafnframt mun verða útfært á einu korti yfirlit yfir allar leiðir, hvort sem þær eru fyrir vélknúna umferð, gangandi eða hross. Sömuleiðis verður reynslan af fyrsta sumri undir nýrri Stjórnunar- og verndaráætlun nýtt í starfi starfshópsins. Áætlunin tók gildi í vetur og unnið verður samkvæmt henni í sumar. Vinna starfshópsins var ekki hugsuð til að hafa áhrif á samgöngur í Þjóðgarðinum nú í sumar, hvað svo sem síðar verður. Starfshópurinn hefur í huga að kalla til aðila sem sérþekkingu hafa á einstökum svæðum, til að meta hvernig skynsamlegast sé að búa um hnútana til framtíðar hvað samgöngur um einstök svæði og leiðir varðar.

Stutt og óformleg umræða var á fundinum um tilhögun samráðs um Vatnajökulspjóðgarð til framtíðar, en eitt af hlutverkum starfshópsins er að fjalla um það mál. Nauðsynlegt var talið að reifa málið á þessum fundi, þannig að aðilum starfshópsins gefist tóm á næstu vikum til að fjalla um samráðsferlið

## Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 8. júní 2011

með sínu baklandi. Umræðan var almenn og í þá átt að nauðsynlegt væri í framtíðar samráði tilurð óháðs vettvangs leikmanna úr röðum hagsmunaaðila, eins og ferðafélaga, sveitarfélaga, umhverfissamtaka og annarra. Vettvangurinn yrði þó að vera formlegur að því marki að hann hefði skipulag á við starfshópinn sem hefur vald til þess að leggja fyrir stjórn Þjóðgarðsins tillögur að endurmati á þáttum Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og taki þátt í mótun samgangna þar sem ekki hefur verið tekið á þeim í Stjórnunar- og verndaráætluninni. Framtíðarsamráð þarf einnig að taka til nýrra landsvæða sem kynnu að bætast við Vatnajökulspjóðgarð. Málefni Vatnajökulspjóðgarðs eru lífandi að því leyti að aðstæður kunna að breytast, af náttúrunnar völdum og/eða manna. Því hljóti málefni Þjóðgarðsins að vera opin fyrir endurmati.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til þess að koma sjónarmiðum og ábendingum á framfæri við starfshópinn um netfangið: starfshopur@vjp.is. Hingað til hefur ein ábending borist, frá Ferðafrelsisnefnd Eyjafjarðardeildar ferðaklúbbsins 4x4. Fagnar starfshópurinn öllum ábendingum sem geta orðið til þess að varpa skýrari ljósi á málefni.

Virðingarfyllst,  
Þröstur Ólaf Sigurjónsson